



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 130/337  
komudagur 27. 11. 2003

Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2003

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla.

Með bréfi dagsettu 5. nóvember sl. var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp.

Dómstólaráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 20. nóvember sl.

Dómstólaráð leggur áherslu á að löggjöf um vitnaskyldu verði að taka tillit til þeirra ríku hagsmuna sem opinberir aðilar, almennir borgarar og lögaðilar hafa af því að hið sanna sé í ljós leitt jafnt í opinberum málum og einkamálum. Takmarkanir á vitnaskyldu geta dregið verulega úr líkum á því að rétt niðurstaða fái í dómsmálum.

Dómstólaráð telur að mikilvægt sé að taka umrædd ákvæði til skoðunar, ásamt öðrum ákvæðum um vitni, í tengslum við heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála og lög um meðferð einkamála.

F.h. Dómstólaráðs